

ALPINGI OKKAR ALLRA!



Fræðsluleiðir fyrir skóla
2023–2024

Fræðsla um Alþingi

Boðið er upp á fjölbreyttar fræðsluleiðir um Alþingi fyrir öll skólastig. Fræðsla skólahópa er byggð á hæfniviðmiðum aðalnámskrár og færniþættir á borð við gagnrýna hugsun, samvinnu og tjáningu hafðir að leiðarljósi. Unnið er út frá fjórðu markmiðsgrein heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Menntun fyrir alla, þar sem kveðið er á um jafnt aðgengi að menntun, fræðslu og upplýsingum.

Engar tvær fræðsluleiðir eru eins og á hverju skólastigi nálgast nemendur viðfangsefnið á ólíkan máta. Markmiðið er að fræðsluleiðirnar séu jafnt fróðlegar sem skemmtilegar og að hægt sé að fræðast um Alþingi á fjölbreyttan máta.



Á fræðslusíðu Alþingis má finna ítarlegar upplýsingar um hverja fræðsluleið:

www.althingi.is/skolar

Fyrirspurnir og bókanir:
fraedsla@althingi.is



HVAD ER ALPINGI? Á SLÓÐUM DREKANS Í ÞINGHÚSINU

Leikskóli og yngsta stig grunnskóla

Gengið er um Alþingishúsið í fótspor dreka sem leikur þar lausum hala. Spjallað er við börnin um starfsemi þingsins og hugtakið lýðræði er kynnt.

Í seinni hluta heimsóknar fara börnin í hlutverkaleik. Þar fá þau að kynnst lýðræðislegum kosningum og æfa sig í að greiða atkvæði um mál sem snerta daglegt líf þeirra.



KOMDU OG SKOÐAÐU ALPINGI!

Yngsta stig grunnskóla

Tekið er á móti hópnum fyrir framan Alþingishúsið þar sem forvitni nemenda er vakin á húsinu og umhverfi þess. Hvaða verur lúra fyrir ofan gluggana? Hvers vegna er kóróna uppi á þakinu? Hversu mörg skref þarftu að taka til að ganga hring í skrúðgarðinum? Að því loknu verður gengið um Alþingishúsið, nemendur fræðast um starfsemi þingsins og eru hvattir til að spyrja spurninga um það sem fyrir augu ber.



ALÞINGI FYRR OG NÚ

Miðstig

Verkefni sem fjallar um upphaf Alþingis og þróun á hlutverki þess í gegnum aldirnar. Við gerð þess var haft til hliðsjónar námsefni sem nýtt er við kennslu samfélagsgreina ásamt markmiðum aðalnámskrar.

Verkefnið er tvíþætt: annars vegar glærुकynning og hins vegar lítið verkefni þar sem nemendur svara spurningum sem tengjast efninu.



Öll verkefni er hægt að nálgast á Ungmennavef Alþingis:

www.ungmennavefur.is/kennsluverkefni

Skólahópar eru einnig velkomnir í kynnisferð um Alþingi í tengslum við verkefnin og verður fræðslan miðuð út frá efnistökm þeirra.

UM LÝÐRÆÐI OG ALÞINGI

Miðstig

Verkefni þar sem nemendur kynnst starfsemi Alþingis, lagasetningarferlinu og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Verkefnið samanstendur af kennarahandbók, glærुकynningu og verkefnabók nemenda.



SKÓLAPING

Unglingastig

Á Skólapingi fá nemendur í 10. bekk tækifæri til að setja sig í spor þingmanna með því að leiða fyrir fram ákveðin málefni sem fyrir þá eru lögð til lykta á þingflokksfundum, nefndarfundum og þingfundum. Jafnframt hlusta þeir á og meta rök sérfræðinga sem veita þingmönnum ráðgjöf. Þannig er ætlunin að veita innsýn í sambandið milli atburða í samfélaginu, skoðanamyndunar, pólitískra ákvarðana og starfa Alþingis og sýna áhrif almennings, sérfræðinga, fjölmiðla og hagsmunaaðila á löggjafarstarfið. Nemendur eiga að komast að lýðræðislegri niðurstöðu með því að hlusta á og meta rök og álit annarra og skiptast á skoðunum.



„Ég hafði mjög gaman af Skólapingi og fannst það bæði skemmtilegt og lærdómsríkt. Ég gæti jafnvel hugsað mér að verða þingmaður í framtíðinni.“

Nemandi í 10. bekk



UNGMEINNAVEFUR ALÞINGIS

Unglingastig og framhaldsskólar

Á Ungmennavef Alþingis má finna ýmsan fróðleik um Alþingi og eru nemendur og kennarar hvattir til að kynna sér það fjölbreytta efni sem þar er í boði. Á vefnum má einnig nálgast ýmis verkefni og þrautir: www.ungmennavefur.is



HEIMSÓKN Á ÞINGPALLA

Öll skólastig

Þingpallar eru öllum opnir á meðan þingfundur stendur. Bóka þarf skólahópa með fyrirvara.

ÚTIHEIMSÓKN

Öll skólastig

Skólahópar geta komið í útiheimsókn og fræðst um störf Alþingis, Alþingishúsið og umhverfi þess. Einnig er boðið upp á skemmtilegan útiþrautaleik fyrir yngri hópa í tengslum við heimsóknina.



ALMENN LEIÐSÖGN

Framhaldsskólar og háskólar

Boðið er upp á almenna leiðsögn um Alþingi. Einnig er möguleiki á að sníða leiðsögnina að þörfum hvers hóps fyrir sig út frá viðkomandi fagi. Þar mætti sem dæmi nefna stjórn málafræði, félagsfræði, sögu, lífsleikni og listfræði.

HÁSKÓLAKYNNING

Háskólar

Boðið er upp á kynningu á störfum Alþingis fyrir háskólanema. Kynningin hentar nemum í flestum fögum á háskólastigi, til dæmis stjórn málafræði, lögfræði, sagnfræði, félagsfræði og opinberri stjórnsýslu.

MYNDLIST OG BYGGINGARSAGA

Framhaldsskólar og háskólar

Alþingi skoðað út frá sjónarhóli myndlistar og byggingarsögu. Í húsakynnum Alþingis má sjá mörg málverk og aðra listmuni. Í heimsókninni er meðal annars gengið um Alþingishúsið og rætt um myndlist sem þar er að finna. Húsið sjálft er minnisvarði um merkilega byggingarsögu og tekin verða fyrir sérkenni þess, saga og samspil eldri og nýrri byggingargerðar.



